

TALNING

lengdarmörkun, markering, “count signal” á ensku

*Talning er **víkjandi regla** og ALLS EKKI notuð í tíma og ótíma þegar sagnhafi er að spila lit, heldur fyrst og fremst í **sérstaklega afmörkuðum stöðum**. Almenn gildir ...*

Talning er notuð þegar sagnhafi er að sækja lit sem er **innkomulaus til hliðar**.

Annar varnarspilarinn á ásinn, en hinn sýnir lengd svo að ásamaðurinn viti hvenær eigi að taka slaginn.

“Örugg innkoma” er skilgreind sem **ÁS eða TVEIR KÓNGAR**. Sé slík örugg innkoma til staðar í borðinu gilda aðrar reglur, oftast hliðarkall.

Skilgreindar stöður

Talning er notuð í eftirfarandi SKILGREINDUM stöðum:

- Kóngur út gegn grandí
- Smátt út gegn grandí og blindur á slaginn á gosa eða lægra spil
- Kóngur út gegn samningum á 5. þrepi og ofar
- Kóngur út og blindur á Gxx(xx)

Kóngur út gegn grandi

A Norður
♠ 863

Vestur Austur
♠ ÁKG104 ♠ 92

 Suður
♠ D75

B Norður
♠ 863

Vestur Austur
♠ ÁKG104 ♠ 972

 Suður
♠ D5

Reglan um að kóngur sé sterkt útspili og lofi 3 af 4 efstu er til að leysa stöður eins og að ofan.

Með drottninguna á Austur að “afblokkera” en gefa talningu ella.

Gosi í blindum á slaginn

C Blindur
♠ DG8

Vestur Austur
♠ K10743 ♠ 962

Suður
♠ Á5

D Blindur
♠ DG8

Vestur Austur
♠ K10743 ♠ 92

Suður
♠ Á65

K/F gildir þegar ás, kóngur eða drottning eiga slag í borði, en þegar þriðja hönd á ekki yfir GOSA eða lægra spili blinds er óþarfi að vísa frá og rétt að gefa talningu.

Fimmta þrepið

Norður

♠ G3

♥ 652

♦ G54

♣ KG1073

Vestur

♠ ÁK1096

♥ ÁKG8

♦ 87

♣ 82

Austur

♠ D8742

♥ 10943

♦ 1096

♣ 6

Suður

♠ 5

♥ D7

♦ ÁKD32

♣ ÁD954

Það eru kallaðar **innlausnarstöður** (cash out/in á ensku), þegar nauðsynlegt er að taka strax þá slagi sem til falla áður en þeir hverfa í niður í hliðarlit sagnhafa.

Hér verður Vestur að taka tvo slagi á hjarta og einn á spaða.

Reglan er: Kóngur út á 5. þrepi og biður um talningu. Vestur spilar út ♥K og Austur sýnir jafna tölu með ♥3. Vestur reiknar með fjórlit og tekur strax á ♥ Á.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♦
1 ♠	Pass	2 ♠	3 ♣
3 ♥	5 ♣	Pass	Pass
Dobl	Allir pass		

Gxx(xx) í borði

Blindur

♣ G76

Vestur

♣ KD105

Austur

♣ 83

Suður

♣ Á942

Blindur

♣ G76

Vestur

♣ KD104

Austur

♣ Á9852

Suður

♣ 3

Það er alltaf óþægileg tilfinning að spila út kóng frá hjónum og sjá gosann koma upp þriðja eða lengri í borði. Ef sagnhafi er með ásinn má teljast sennilegt að útspilið hafi kostað slag. En hvað um það – úr því að ásinn kemur hvort sem er í ljós er óþarfi að kalla eða vísa frá og best að sýna lengd.